



Fjölbrotaskóli Norðurlands býður upp á námskeið í trefjaplastsmíði á vorönn 2023 í samvinnu við Iðuna, Samtök iðnaðarins og Samgöngustofu. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti að námskeiði loknu unnið sjálfstætt að smíði og viðgerðum á skipum eða öðrum mannvirkjum sem smíðuð eru úr trefjaplasti. Þeir sem hafa lokið slíku námskeiði, hafa sótt nám í grunnteikningu og sem geta lagt fram staðfestingu um fullnægjandi starfstíma við trefjaplastsmíði eiga rétt á að fá viðurkenningu Samgöngustofu sem plastbátasmiður.

Bóklegi hluti námsins fer fram í gegnum fjarfundabúnað en verklegi hlutinn fer fram í eina viku í Reykjavík.

Umsækjendur skulu hafa náð 25 ára aldri og hafa a.m.k. 12 mánaða reynslu af smíði úr trefjaplasti. Nánari upplýsingar er að finna á www.fnv.is og fésbókarsíðu skólans <https://www.facebook.com/FNV01>

Námskeiðsgjald er kr. 215.000

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2022. Nánari upplýsingar veitir Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari í síma 455-8000 og á netfanginu keli@fnv.is